

**Nd.**

**702. Breytingartillögur**

við frv. til laga um dýrtiðarskatt af tekjum (þgskj. 669).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Fyrirsögnin skal vera: Frumvarp til laga um misærisskatt af tekjum.
2. Við 1. gr.  
Fyrir »dýrtiðarskatt« komi:  
misærisskatt.

3. Við 2. gr.

Greinina skal orða svo:

Skattskyldir menn eftir 1. grein þessara laga, skulu greiða 4% af fyrstu gjaldskyldri þúsund, 4<sup>1</sup>/<sub>2</sub> af hinna næstu, 5 af þriðju o. s. frv. Skal hundradsgjaldið hækka um <sup>1</sup>/<sub>2</sub> við hver þúsundaskifti, þar til er það verður 20%, en hækkar eigi úr því.

4. Eftir 3. gr. komi þessar nýjar greinar:

4. gr.

Stjórnarráðið skipar skattnefnd í hverri sýslu og í hverju fúgetadæmi og yfirsattanefnd fyrir alt landið. Skal hún hafa aðsetur í Reykjavík. Það skiftir verkum milli nefndarmanna í öllum þessum nefndum. Enginn getur skorast undan því, að vera skipaður í skattnefnd eða yfirsattanefnd. Nefndir þessar vinna launalaust.

5. gr.

Sveitarstjórnnum, bæjarstjórnnum, hreppstjórnnum og sýslumönnum og bæjarfúgetum er skylt að láta skattnefndum í tje alla fræðslu um hag manna, sem þeim er máttugt að veita. Skal það talin embættis-afglöpun, ef þessi völd tregðast við, og varða auk þess sektum frá 200—2000 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið lætur skattnefndum í tje fyrirsögn um, hversu telja skal mönnum tekjur til þessa skatts, en þær birta þá fyrirsögn fyrir almenningi hver í sinu umdæmi, og krefjast þess, að menn segi til sjálfir um tekjur sínar eftir þessari fyrirsögn og leggi við drengskap sinn eða fjárhaldsmenn og meðráðamenn ófullveðja manna.

7. gr.

Nú vanrækir maður að segja til um tekjur sínar, og skal þá skattnefnd setja honum skatt, en kæra frá hans hendi er ónýt, nema hann sanni að gild forföll hafi valdið því, að hann sagði eigi til.

8. gr.

Telji maður tekjur sínar viss vitandi rangt, þá skal hann gjalda skattinn sjöfaldan, nema hann vilji heldur láta málið koma fyrir dómstólanna. Fara skal með slik mál sem sakamál, og skal refsað fyrir sem skjalafals, ef sannast sviksamlegt framtal.

9. gr.

Skylt er bönkum og öðrum stofnunum til fjárgeymslu að segja skattnefndum til um eign manna í bankanum eða stofnuninni og tekjur þeirra af peningum og verðbrjefum.

10. gr.

Á skattnefndum hvílir rik þagnarskylda, en sje af brugðið, skal það bæta 1000—5000 krónum.

11. gr.

Vinni skattnefndir verk sitt seinlega, má knýja þær til framkvæmda með dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður.

12. gr.

Skattur þessi skal krafinn í fyrsta sinn 1. nóv. þetta ár af tekjum þeim, er menn höfðu frá 1. jan. 1915 til 30. júní sama ár, en næsta sinn 1. febr. 1916 af tekjum manna frá 1. júlí til 31. des. 1915, en í síðasta sinn 1. júlí 1916 af tekjum manna frá 1. jan. 1916 til þess tíma.

13. gr.

Fje þessu má verja til þess að jafna misæri það í verslun, sem leiðir af heimsstyrjöldinni. Verði afgangur, skal hann renna í landhelgisjóð.

14. gr.

Sá misserisskattur, skal falla niður, sem eigi er fallinn í gjalddaga, þá er misærinu ljettir af.

5. Við 4. gr.:

Greinin verður 15. gr.